

# Fjölbrautaskólinn við Ármúla



Kennslu- og áfangamat á haustönn 2024

## Inngangur

Kennslu- og áfangamat (kennslumat) var lagt fyrir 11. nóvember og lokað síðasta kennsludag annarinnar 6. Desember. Könnunin fór fram í gegnum Innu eins og undanfarin ár. Einungis 34 hópar sem 12 kennarar kenndu í 28 áföngum tóku þátt. Fámennið helgast að einhverju leyti að því að úrtakið vorið 2024 var óvenju stórt. Í úrtakinu voru 29% hópanna í listgreinum en að öðru leyti nokkuð fjölbreyttur hópur bóknámsáfanga. Engir áfangar komu úr heilbrigðisskólanum að þessu sinni. Þátttakan í ár var með besta móti eða 61,2% (379 af 619 nemendum).

Kennslumatið innihélt sömu 13 spurningarnar og árið 2023 en spurningalistann má í heild sinni sjá í viðauka A. Fyrstu 10 spurningarnar voru krossaspurningar á Likert-kvarða um kennsluna, áfangann og viðhorf og framlag nemandans með svarmöguleikunum: mjög sammála, frekar sammála, á ekki við/veit ekki, frekar ósammála og mjög ósammála. Einnig gafst nemendum færi á að gefa kennaranum einkunn og að koma á framfæri skriflega því sem betur mætti fara og því sem væri best við áfangann.

Ábyrgðin af framkvæmd og úrvinnslu könnunarinnar er alfarið á hendi gæðastjóra skólans. Meðan könnunin var aðgengileg nemendum þá sendi gæðastjóri kennurum í úrtaki vikulega pósta með tilmælum um að leggja könnunina fyrir og tölfræði um þátttöku. Gæðastjóri kom einnig að máli við nokkra kennara vegna lítillar þátttöku. Í byrjun síðustu viku var svo sendur póstur á alla nemendur í úrtakinu og þeir hvattir til þess að svara. Þegar gæðastjóri hafði svo lesið yfir skrifleg svör nemenda þá voru niðurstöður einstaka hópa gerðar aðgengilegar kennurum. Það er mat gæðastjóra að þetta verklag sé mjög árangursríkt enda hefur þátttakan í kennslumati undanfarnar þrjár annir aldrei verið betri.

Markmiðið með kennslu- og áfangamati er að

- gefa kennurum færi á reglulegri endurgjöf í starfi sem gagnast þeim við að ígrunda kennsluna
- gefa nemendum færi á því að hafa rödd í skólanum og ígrunda sitt nám
- gefa skólastjórnendum færi á að heyra skoðanir nemenda á skólastarfinu
- safna reglulega gögnum um skólastarfið
- skoða kerfisbundið áfanga og nám við skólann með það að markmiði að geta bætt skólastarfið

Nú hafa allir kennarar skólans farið í gegnum kennslumat í síðasta lagi haustið 2023. Það er í samræmi við gæðamarkmið skólans.

Nemendur eru almennt ánægðir með allt sem spurt var um varðandi kennslu við skólann nú eins og fyrri annir. Nemendur gefa kennslunni við Fjölbrautaskólann við Ármúla mjög góða einkunn. 42% nemenda gefa kennurum sínum einkunnina 10.

Ánægjan virðist vera alveg sérstaklega með kennslu í listgreinum en þar gefa 60% nemenda kennurum sínum einkunnina 10 fyrir kennsluna og minna ber á óánægju við einstaka spurningar.

## Úrtakið

Við val á úrtaki var fyrst og fremst horft til nýrra kennara og svo kennarar sem ekki höfðu verið metnir síðan vorið 2023. Eftirfarandi hópar voru setti í áfanga- og kennslumat (fjöldi hópa innan sviga)

ENSK1GR05 (2)	MARÉ2MR05 (1)	STÆR2HS05 (2)	ÍSLE3BÓ05 (1)
ENSK2LO05 (1)	MYNL2LI05 (1)	UMHV1AM05 (1)	
ENSK3RI05 (1)	MYNL2TA05 (1)	VIBS2KU03	
FATA1SS05 (1)	MYNL3LA05 (1)	ÍSAN1FL05 (1)	
HEIM2IH05 (1)	SIÐF2SF05 (1)	ÍSAN2BS05 (1)	
KVIK2HS05 (1)	SPÆN1AF05 (2)	ÍSAN2GM05 (1)	
KVMG1ST05 (1)	SPÆN1AG05 (3)	ÍSAN3NB05 (1)	
LEIK1GR05 (1)	SPÆN1AU05 (1)	ÍSLE1GR05 (1)	
LJÓS1SM05 (2)	STÆR1GR05 (1)	ÍSLE2GM05 (1)	

Hóparnir 34 voru svo flokkaðir í listgreinar og bóknám þannig að:


- **Listgreinar:** Fatasumur (FATA1SS05), , kvikmyndir og tungumál (KVIK2HS05), kvikmyndagerð (KVMG1ST05), leiklist (LEIK1GR05), ljósmyndun (LJÓS1SM05), myndlist (MYNL2LI05 og MYNL3LA05) og viðburðastjórnun (VIBS2KU03).
- **Bóknám:** Enska (ENSK1GR05, ENSK2LO05 og ENSK3RI05), heimspeki (HEIM2IH05), mannréttindi (MARÉ2MR05), siðfræði (SIÐF2SF05), spænska (SPÆN1AF05, SPÆN1AG05 og SPÆN1AU05), stærðfræði (STÆR1GR05 og STÆR2HS05), umhverfisfræði (UMHV1AM05), íslenska sem annað tungumál (ÍSAN1GR05, ÍSAN1FL05, ÍSAN2BS05, ÍSAN2GM05 og ÍSAN3NB05) og íslenska (ÍSLE1GR05, ÍSLE2GM05 og ÍSLE3BÓ05)

Námsgrein	Fjöldi hópa
Bóknám	24 (70,6%)
Listgreinar	10 (29,4%)


Skiptingin er nálægt hefðbundinni skiptingu milli starfsnáms og bóknáms þótt stærsti hluti starfsnáms við skólann sé í heilbrigðisgreinum en ekki listgreinum.

## Þátttaka

Þátttakan í kennslukönnun vorið 2024 var 61,2% (meðaltal reiknað yfir allt úrtakið). Meðalþátttaka hvers hóps var 61,7% og miðgildi 62,8%.




Þegar þátttakan er skoðuð þá var hún að jafnaði mun betri í listgreinum en flestum bóknámshópum.



Níu af hverjum tíu listgreinahópum voru með yfir 60% þátttökuhlutfall á meðan eingöngu þriðjungur bóknámshópa nær því marki. Þegar svarendur eru skoðaðir þá voru 24% þeirra sem svörðuð könnuninni í listgreinum en 76% í bóknámi. Þótt svörunin sé verri í bóknámi þá er hlutfall bóknámsnema hærra vegna þess að þeir eru fjölmennari.

### [Þátttaka fyrr og nú](#)

Þátttakan undanfarnar þrjár annir er með besta móti sé litið aftur til ársins 2018 eða um 60%.



Það má segja að skólinn hafi náð eigin markmiðum um 60% þáttökuhlutfall nemenda síðan haustið 2023 en átt í erfiðleikum með að ná settu marki árin á undan.

## Niðurstöður spurninga 1-10


Hér voru allar spurningar settar fram á Likert-kvarða. Svarkostirnir voru: Mjög sammála (4), frekar sammála (3), frekar ósammála (2), mjög ósammála (1) og Á ekki við/veit ekki (0). Svarendur voru 373-376. Í stað kökurlita eru niðurstöður settar hér fram í töflu.

Nr	Spurning	Mjög ósammála	Frekar ósammála	Á ekki við/veit ekki	Frekar sammála	Mjög sammála
1	Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar í kennslunni.	5,9%	11,0%	6,2%	36,2%	40,8%
2	Ég er ánægð/-ur með námsgögn áfangans þ.e. bækur, glærur, verkefni og þess háttar.	4,0%	10,1%	2,9%	36,4%	46,5%
3	Ég mæti vel undirbúin/-n í kennslustundir áfangans.	2,9%	11,8%	2,4%	45,2%	37,7%
4	Aðstaða til náms í áfanganum og kennslubúnaður er góður.	2,9%	6,9%	2,4%	37,5%	50,3%
5	Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum.	6,4%	10,4%	5,1%	38,7%	39,5%
6	Kennari setur reglulega tilkynningar, kennsluefni og leiðbeiningar inn á kennsluumhverfi áfangans.	3,5%	9,9%	5,1%	37,3%	44,2%
7	Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi.	6,7%	10,4%	3,7%	37,7%	41,4%
8	Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr.	4,5%	8,5%	1,9%	34,4%	50,7%
9	Ég er ánægð/-ur með viðmót kennarans gagnvart mér.	3,7%	4,5%	2,7%	29,1%	59,9%
10	Þessi áfangi er vel skipulagður.	2,9%	10,1%	2,7%	41,8%	42,6%


Nemendur eru 80-90% tilvika frekar eða mjög sammála flestum fullyrðingunum. Í tilvikum spurninga 1, 5 og 7 eru nemendur síst sammála fullyrðingunum.

## Samanburður á listgreinum og bóknámi

Ánægja með námið er í fyrirrúmi þegar kemur að bóknám og listgreinum; ánægjan með listgreinum er þó ívið meiri í öllum spurningum. Ef við stöðrum við spurningar 1, 5 og 7 þá er meiri ánægja í listgreinum en bóknámi.




Um 20% bóknámsnemenda er ósammála því að fjölbreyttar kennsluaðferðir séu notaðar eða að námið nýtist í framtíðinni meðan brot af því deilir þeim skoðunum í listgreinum.



Um 20% nemenda er ekki sammála (bæði í listgreinum og bóknámi) því að þeir fái verkefni til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum og eru kennarar hvattir til að huga að endurgjöf á verkefnum.

Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum.



### Samanburður við fyrri annir

Í viðauka D er tafla yfir meðaltal einkunnna úr spurningum 1-10 þegar búið er að gefa svörum nemenda vægi skv. eftirfarandi töflu:


Svar	Vægi
Mjög sammála	4
Frekar sammála	3
Frekar ósammála	2
Mjög ósammála	1

Í viðauka B og C er að finna upplýsingar um fylgni milli einstaka spurninga. Það er talsvert jákvæð fylgni milli nær allra spurninganna (0,5-0.8) sem þýðir að ánægja/óánægja sem kemur fram í einni spurningu smitast yfir á hinar.


### Kennaraeinkunn og þróun síðustu anna

Í spurningu 11 gafst nemendum færi á að gefa kennurum sínum einkunn á bilinu frá 1 til 10. Meðaltalið var 8,30 en miðgildið 9,0 en það sem er á pari við vorið 2024 þegar miðgildi var það sama en meðaltal 8,54. 42% nemenda gáfu kennurum sínum einkunnina 10. Ánægjan er sérstaklega mikil í listgreinum.





Mest fylgni milli einkunnagjafar í spurningum 1-10 og spurningar 11 og spurningar 9 eða 0,82. Spurning 9 er hvort nemandinn sé ánægður með viðmót kennara gagnvart sér. Hægt er að rýna í fylgni í viðaukum B og C eins og áður segir. Einkunnir kennara voru góðar í sögulegu tilliti þótt þær væru ekki jafn háar á vorönn 2024.



## Raddir nemenda

Í tveimur síðustu spurningunum gafst nemendum færi á því að segja hvað þeim þótti best og hvað þeim fannst að mætti laga.

- Spurning 12: Hvað finnst þér þurfa að laga í þessum áfanga? Komdu á framfæri ábendingum varðandi kennslu, skipulag, aðbúnað, námsefni, námsmat eða annað sem þér finnst mikilvægt.
- Spurning 13: Hvað finnst þér best við áfangann?

Mun færri svörðu þessum spurningum en spurningum 1-11. 50% (193 af 379) svörðu spurningu 12 en í spurningu 13 60% (227 af 379).

Spurning 12: Hvað finnst þér þurfa að laga í þessum áfanga? Komdu á framfæri ábendingum varðandi kennslu, skipulag, aðbúnað, námsefni, námsmat eða annað sem þér finnst mikilvægt.

Þegar nemendur eru spurðir að því hvað megi betur fara þá nefna þeir ekkert (30% tilvika) eða þá að þeir viti ekki hvað megi betur fara. Hér fyrir neðan gefur að líta nokkur svör nemenda með þeirra eigin orðum.

- *Gott væri að hafa verkefni, ekki endilega skilaverkefni, heldur bara svona fyrir nemandann að sjá hvar hann stendur gagnvart skilningi á efninu. s.s. helstu hugtökin og skilgreining á þeim, sem gagnast svo nemanda þegar læra á undir próf. Einnig vantar betri glærur á innu ef nemandi missir úr tíma þar sem mikið af upplýsingum og betri skilningur fæst beint frá kennara*
- *Einkunargjöf þarf að vera fyrir til þess að sjá stöðu sína í áfanga og fleiri dæmi með sömu formúlu til að muna hana og læra hana*
- *Hvað mig varðar þá vil ég hafa bók sem inniheldur það sem tengist efninu svo ég geti lært út frá því því ég vil frekar bækur en ekki netið og verkefni.*
- *Tilkynna próf og annað mikilvægt með góðum fyrirvara, sem hefur ekki verið gert nógu vel.*
- *Mætti gefa einkunnir mikið mikið fyrir, mig vantar 30-40% af einkunum þegar langt er gengið á önnina. og mjög stutt í lokapróf. veitt ekkert hvernig ég stend í áfanganum. Er sem betur fer heppinn að fá góða kennslu heima við stærðfræði annars væri eg ekki að standast prófinn og ná að skila verkefnum.*
- *Væri betra ef það kæmi fram aðeins meira um kennslu vikuna. hvort það sem það sé bara venjulegir tímar eða ef það er eitthvað mikilvægt*
- *Mér finnst að kennarinn ætti að vera duglegri að svara tövlupóstum og útkýra betur verkefnin. T.d mer finnst það sem við gerum í tímunum ekkert gagnast mer þegar það kemur að gera verkefnin.*

Nemendur eru að kvarta yfir skipulagi, hraðri yfirferð, samskiptum við kennara og endurgjöf á verkefni.

### Spurning 13: Hvað finnst þér best við áfangann?

Þegar nemendur tala um hvað þeim þykir best við áfangann þá nefna þeir oftast kennarann.

Hér eru nokkur dæmi um svör við þessum spurningum birt með þeirra eigin orðum:

- *Það kom mér svolítið á óvart hversu mikið ég lærði af því að taka þennan áfanga. Ritun hefur aldrei verið mitt sterkasta fag, hvað þá ritlist, þar sem ég þarf t.d. að 'búa til' sögu. Mér finnst ég vera orðin betri í smásagnagerð núna en í upphafi annar, en þá hafði ég einungis skrifað eina smásögu á a.m.k. fimmtán ára tímabili, auk þess hafði ég aldrei skrifað sögu á ensku. Ég hef lengi haft yndi af ljóðum en aldrei hefur mér dottið það í hug að lesa ensk ljóð en ég mun héðan í frá gera það. Mér fannst áfanginn mjög skemmtilegur m.a. vegna þess að ég þurfti að hafa mikið fyrir honum. Orðaforði minn jókst, sem er alltaf frábært og hafa sköpunar'hæfileikar' mínir án efa aukist. Ég hefði viljað sjá fleiri áfanga í þessum stíl, bæði enska og íslenska.*
- *Fjölbreytanleikinn í kennslu er mjög góðu rog hjálpar mer personulega vel að breytta til hvernig er kennt ekki alltaf br vera að hlusta a kennaran blaðra*
- *Hlýlegt viðmót X gagnvart nemendum. Hún er dugleg að hvetja nemendur áfram og minna á mikilvægi heimalesturs í námsbókum. Einnig leiðir hún nemandann áfram með góðum glósum í tímum.*
- *Kennaranum er annt um alla nemendur og skipuleggur verkefni og próf vel. Hún útskýrir alltaf snilldarlega*
- *Y, hann nær að hvetja alla nemendur til náms bæði með gríni og virðingu. Hann lærir nöfnin á öllum og gerir mikið úr því. Hann fær alla til að taka þátt og setur viðeigandi pressu á alla að taka þátt í náminu. Hann er gott dæmi um góðann kennara.*
- *Mér líkar allt og kennarinn sjálfur líka. Z er mjög sæt, góður kennari og mjög þolinmóð. Þrátt fyrir að ég hafi verið með nokkra ekki góða nemendur í þessum áfanga var hún sú sama og mjög góð. Ég er mjög ánægð með að hafa fengið að vinna með henni fyrsta námsárið mitt í FÀ, hún útskýrir efnið mjög vel, gefur alltaf ráð, segir frá og er alltaf tilbúin að hjálpa og segja þér eitthvað. Ég vona svo sannarlega að við hittumst aftur*

## Niðurstöður og atriði til umhugsunar

Kennslukönnunin haustið 2024 kemur vel út að öllu leyti samanborið við kannanir undanfarnar annir og verður niðurstaðan að teljast mjög góð.

Nokkur atriði til umhugsunar:

- Þátttakan var yfir 60% og er það í annað skipti sem slík þátttaka næst sé horft aftur til ársins 2018. Þátttaka undanfarnar þrjár annir er í sögulegu hámarki.
- Einkunnagjöf til kennara er mjög há eins og á vorönn 2024 en 42% nemenda gefa kennaranum sínum einkunnina 10
- Þátttaka og ánægja með kennslu í listgreinum er sérstaklega góð og er óánægja vart mælanleg hvort sem litið er til spurninga 1-10 eða einkunnagjafar til kennarans.
- Mesta óánægjan kom fram í spurningum eitt og sjö sem snúa að fjölbreytileika kennsluhátta og því hvort námið muni gagnast í framtíðinni. Það er sama niðurstaða og árið 2023. Þessi óánægja kemur ekki fram í listgreinum að neinu ráði.
- Talsverð óánægja er með endurgjöf á verkefni. Um fimmtungur nemenda er óánægður eða veit ekki hverju hann á að svara (bæði í listgreinum og bóknámi). Kennarar þurfa að huga að því að gefa nemendum leiðbeinandi endurgjöf en ekki eingöngu einkunnir. Þetta kann að reynast einhverjum erfitt í símati.
- Fylgnin milli kennaraeinkunna (spurning 11) og einkunna fyrir einstaka námsþætti (spurningar 1-10) er eins og árið 2023 við spurningu 9 sem mælir ánægju með viðmót kennara.

Reykjavík í janúar 2025

Unnar Þór Bachmann (gæðastjóri)

## Viðauki A: Spurningar í kennslukönnun


1. Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar í kennslunni.
2. Ég er ánægð/-ur með námsgögn áfangans þ.e. bækur, glærur, verkefni og þess háttar.
3. Ég mæti vel undirbúin/-n í kennslustundir áfangans.
4. Aðstaða til náms í áfanganum og kennslubúnaður er góður.
5. Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum.
6. Kennari setur reglulega tilkynningar, kennsluefni og leiðbeiningar inn á kennsluumhverfi áfangans.
7. Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi.
8. Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr.
9. Ég er ánægð/-ur með viðmót kennarans gagnvart mér.
10. Þessi áfangi er vel skipulagður.
11. Hvaða einkunn gefur þú kennaranum á bilinu 1 – 10?
12. Hvað finnst þér þurfa að laga í þessum áfanga? Komdu á framfæri ábendingum varðandi kennslu, skipulag, aðbúnað, námsefni, námsmat eða annað sem þér finnst mikilvægt.
13. Hvað finnst þér best við áfangann?

Viðauki B: Fylgni milli tölulegra svara í spurningum 1-11

<b>Spurning</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>4</b>	<b>5</b>	<b>6</b>	<b>7</b>	<b>8</b>	<b>9</b>	<b>10</b>	<b>11</b>
<b>1</b>	1,00	0,82	0,62	0,78	0,67	0,62	0,84	0,72	0,81	0,72	0,76
<b>2</b>	0,82	1,00	0,61	0,85	0,70	0,74	0,83	0,81	0,82	0,82	0,76
<b>3</b>	0,62	0,61	1,00	0,63	0,49	0,52	0,61	0,53	0,65	0,62	0,54
<b>4</b>	0,78	0,85	0,63	1,00	0,64	0,81	0,68	0,64	0,74	0,74	0,62
<b>5</b>	0,67	0,70	0,49	0,64	1,00	0,78	0,70	0,53	0,70	0,63	0,63
<b>6</b>	0,62	0,74	0,52	0,81	0,78	1,00	0,65	0,52	0,67	0,64	0,52
<b>7</b>	0,84	0,83	0,61	0,68	0,70	0,65	1,00	0,76	0,81	0,69	0,77
<b>8</b>	0,72	0,81	0,53	0,64	0,53	0,52	0,76	1,00	0,82	0,79	0,76
<b>9</b>	0,81	0,82	0,65	0,74	0,70	0,67	0,81	0,82	1,00	0,74	0,82
<b>10</b>	0,72	0,82	0,62	0,74	0,63	0,64	0,69	0,79	0,74	1,00	0,66
<b>11</b>	0,76	0,76	0,54	0,62	0,63	0,52	0,77	0,76	0,82	0,66	1,00

# Viðauki C: punktagröf og einkunnadreifing af tölulegum svörum 1-11

Punktagröf meðaltala tölulegra svara hópanna 66 í áfanga- og kennslumati haustið 2023



## Viðauki D: Meðaltöl spurninga 1-10 í samanburði við fyrri annir

Spurning	Leggðu mat á áfangann	H21	V22	H22	V23	H23	V24	H24
4	Aðstaða til náms í áfanganum og kennslubúnaður er góður.	3,4	3,4	3,5	3,4	3,3	3,5	3,4
10	Þessi áfangi er vel skipulagður	3,3	3,3	3,4	3,3	3,2	3,5	3,3
2	Ég er ánægð/-ur með námsgögn áfangans þ.e. bækur, glærur, verkefni og þess háttar	3,3	3,4	3,4	3,2	3,2	3,4	3,3
	Meðaltal	3,3	3,4	3,4	3,3	3,3	3,5	3,3
	Leggðu mat á kennsluna	H21	V22	H22	V23	H23	V24	H24
9	Ég er ánægð/-ur með viðmót kennarans gagnvart mér	3,6	3,5	3,6	3,5	3,2	3,6	3,5
8	Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr	3,4	3,4	3,5	3,4	3,2	3,5	3,3
6	Kennari setur reglulega tilkynningar, kennsluefni og leiðbeiningar inn á kennsluumhverfi áfangans	3,4	3,3	3,5	3,3	3,2	3,5	3,3
5	Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum	3,4	3,3	3,4	3,2	3,2	3,3	3,2
1	Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar í kennslunni	3,2	3,2	3,4	3,2	3,1	3,3	3,2
	Viðhorf og framlag	H21	V22	H22	V23	H23	V24	H24
3	Ég mæti vel undirbúin í kennslustundir áfangans	3,4	3,1	3,3	3,1	3,1	3,3	3,2
7	Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi	3,0	3,2	3,3	3	3,1	3,3	3,2
	Meðaltal	3,2	3,2	3,3	3,1	3,1	3,3	3,2



